



Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Bt. Egils B.
Hörðuvöllum 1
800 Selfoss

29. maí 2018
1805053 HBH

Efni: Selalækur 3. Umsögn vegna rekstrarleyfis

Umsögn vegna rekstrarleyfis

Efni: Beiðni um umsögn barst frá Sýslumanninum á Suðurlandi þ. 28.5.2018 sl. vegna umsóknar Kristínar Egilsdóttur um rekstrarleyfi fyrir gistingu í flokki II, tegund "C", í íbúðarhúsi sínu að Selalæk, Rangárþingi ytra.

Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið, enda séu aðeins leigð út þau herbergi eða rými sem samþykkt eru skv. teikningum. Samkvæmt teikningu sem var fylgiskjal með umsókn er um að ræða u.þ.b. 50 m² hluti íbúðarhússins sem ætlaður er til útleigu, mælt upp af teikningu.

Litið er svo á að um heilsárs notkun sé að ræða og verður gjaldflokkur fasteignagjalda uppfærður miðað við þá notkun. Viðkomandi fasteign verður því uppfærð í skattflokk C og hlutfallsleg álagning fasteignagjalda leiðrétt sem því nemur.

Áréttað er að neysluvatn á staðnum þarf að uppfylla kröfur um gæði vatns skv. reglugerð nr. 536/2001 m.s.br.

Virðingarfyllst,

Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi